

Alþingi
Erindi nr. D 138/1650
komudagur 16.4.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 16. apríl 2010.

Efni: Frumvarp til laga um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa (heildarlög) 448. mál.

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið til umsagnar ofangreint mál. Frumvarpinu er ætlað að tryggja neytendavernd í fasteignaviðskiptum. Trygg og örugg fasteignaviðskipti skipta bæði fyrirtæki og almenning miklu máli enda eru verulegir fjármunir í húfi.

Að mati SA eru ákvæði frumvarpsins ekki nægilega skýr um það að aðrir geti ekki gengið inn í störf sem löggilding fasteignasala nær til og réttaróvissu nú um það hvort verktaka sé heimil á fasteignasölum. Um þessi atriði þurfa að vera skýr og afdráttarlaus lagaákvæði sem er forsenda þess að hægt sé beita refsí- og sektarákvæðum þegar farið er inn á starfssvið fasteignasala.

SA telja að skylduaðild eigi að vera að Félagi fasteignasala með sama hætti og hjá lögmönnum. Slíkt tryggir virkara eftirlit og fagmennsku í greininni. Nauðsynlegt er að auka kröfur til fasteignasala, það er menntunarkröfur og til endurmenntunar þannig að löggildingarnámið verði 90 eininga nám á háskólastigi.

Kafli IV í lagafrumvarpinu um sérstaka kærunefnd er að mati SA óþarfur enda er kærunefndinni ætlað nánast sama hlutverk og Eftirlitsnefndin hefur skv. frumvarpinu. Auk þess hafa kaupendur og seljendur fasteigna möguleika á að leita til Neytendasamtaka, Neytendastofu og Talsmanns neytenda. Með öllu er ótækt og óþarfi að bæta við nýrri opinberri úrskurðarnefnd á samdráttartímum.

Eðlilegt er að inn í lögini fari skýr heimild til leigumiðlunar þar sem að sama námsefni er tekið til prófs í námi fasteignasala og leigumiðlara. Samt sem áður hefur fasteignasölum verið neitað um réttindi til leigumiðlunar.

Samtökin vísa að öðru leyti til umsagnar Félags fasteignasala.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Jón Rúnar Pálsson hrl.

